



Innsetningarræða
forseta Íslands
Kristjáns Eldjárns
1. ágúst 1968

Góðir Íslendingar og erlendir fulltrúar.

Á þessari hátíðarstundu er mér efst í huga þakklæti til íslensku þjóðarinnar fyrir það mikla traust, sem hún hefur sýnt mér og konu minni með því að trúá mér fyrir því háa embætti, sem ég hef tekið við í dag. Það traust mun verða okkur hvatning og styrkur fram á leið, hvað sem framtíðin ber í skauti sér.

Ég þakka einnig allar þær góðu óskir, sem að okkur hafa streymt hvaðanæva, frá vinum og frá fólki, sem við þekkjum ekki neitt. Ég þakka forseta hæstaréttar árnaðaróskir hans, svo og heillaóskir ríkisstjórnarinnar, og einkum og sér í lagi þakka ég hamingjuóskir, sem okkur bárust að kosningunum loknum frá herra Ásgeiri Ásgeirssyni. Ég leyfi mér, á þessari stundu, að beina orðum mínum sérstaklega til hans. Það er alþjóð kunnugt, að herra Ásgeir Ásgeirsson hefur á langri ævi staðið í fremstu röð í opinberu lífi á Íslandi og verið fyrirvarmaður þjóðarinnar á ýmsum sviðum. Sú saga verður ekki rakin hér, en þó vildi ég nefna sem glæsilegan áfanga á ferli hans, þegar hann sem forseti sameinaðs Alþingis, þá maður í broddi lífsins, stjórnaði Alþingishátíðinni á Þingvöllum 1930 með þeim ágætum, að orð fór af víða um lönd, en einkum þó svo, að þjóð hans sjálfs hreifst af og man það enn. Síðastliðin sextán ár hefur herra Ásgeir Ásgeirsson verið forseti Íslands. Hann hefur staðið undir þeirri ábyrgð með sæmd og við hlið hans stóð sú ágæta kona hans, frú Dóra Þórhallsdóttir, sem nú er látin. Hennar minnst þjóðin með virðingu, enda vita það allir, hve frábærlega hún skipaði sinn sess. Herra Ásgeiri Ásgeirssyni eru nú þökkuð hin miklu störf hans og þó einkum störf hans sem forseti landsins. Ég veit að undir þessi orð mín mun þjóðin taka, og persónulega vil ég færa herra Ásgeiri Ásgeirssyni þakkir fyrir vinsemd í minn garð, bæði fyrr og nú, og óska honum allrar blessunar á ókomnum tímum.

Ég vil einnig minnast hinna fyrstu íslensku forsetahjóna, herra Sveins Björnssonar og frú Georgíu konu hans. Ég hafði þann heiður að kynnast herra Sveini Björnssyni fyrst sem sendiherra í Kaupmannahöfn og síðan sem ríkisstjóra og forseta. Þau kynni eru mér öll hugstæð. Hann varð fyrsti forseti hins nýstofnaða íslenska lýðveldis og nafn hans er skráð til allrar framtíðar á spjöld íslenskrar sögu. Það varð hlutskipti hans að móta embætti forsetans, svo að lengi verður að búið. Ég votta minningu hans og konu hans einlæga virðingu mína í fullri vissu þess, að ég mæli fyrir munn þjóðarinnar allrar.

Þegar ég nú hef tekið við embætti forseta Íslands, sem þessir tveir ágætu menn hafa gegnt á undan mér, verður mér það fyrst að hugsa til ættjarðarinnar og sögu hennar, sem er örlög þjóðarinnar í blíðu og stríðu. Oft hef ég sett mér fyrir hugskotssjónir þetta eyland í Atlantshafi, ósnortið og óbyggt mönnum öldum og

árpúsundum saman eftir að þau lönd öll voru byggð, sem næst því eru. Það er eins og landið vakni skyndilega af svefni fyrir aðeins ellefu öldum, þegar forfeður vorir fundu það og námu og byggðu í skjótri svipan hvern byggilegan blett og stofnuðu til þess mannlífs, sem síðan hefur þróast órofið og er nú í höndum þeirrar kynslóðar, sem nú lifir í landinu. Fáar þjóðir munu geta sagt svipaða sögu um upphaf sitt og vér Íslendingar. Hitt er þó meira um vert, að á þeim grundvelli þjóðmenningar, sem landnámsmennirnir og niðjar þeirra lögðu, stöndum vér enn. Illt og gott hefur skipst á í aldanna rás, svo sem vænta má, en arfinum, sem forfeður vorir höfðu með sér að heiman í nýtt land, höfum vér ekki glatað, og dæmi þess blasa við hvert sem lítið er. Hin ríka tilfinning fyrir því að vera sérstök þjóð, þótt fámennir séum, viljinn til sjálfstæðis og að ráða sjálfir málum vorum, hin forna tunga sem enn leikur oss á vörum og bókmenntaarfurinn, sem henni er tengdur. Og hugsunarháttur vor og viðhorf eru á fleiri lund en margan grunar, runnin af fornum arfi. Þetta allt og fjölmargt annað myndar til samans eina heild, sem einu nafni kallast íslensk menning. Markmið vort sem þjóðar er að varðveita hana, efla og göfga, og þó án einstrengingsskapar eða ofmetnaðarfullrar þjóðemisstefnu. Enda er íslensk menning ekki einangrað fyrirbrigði heldur einn drátturinn í heildarsvip vestrænnar menningar, en að vísu sá sem oss er kærastur og trúað fyrir að ekki afskræmist. Og það gerir hann svo best, að hann skýrist og göfgist í samræmi við það sem best er í heildarmyndinni. Íslensk menning hefur ætíð þegið frjóvgandi áhrif frá menningu annarra þjóða, hún hefur ekki einangrast, jafnvel á þeirri tíð, þegar landið var langt úr þjóðbraut, og hún gerir það ekki enn og má ekki gera það. Sú er sannfæring mín, að þetta sé hið æðsta takmark þjóðar vorrar, að treysta þjóðmenningu vora af fornri rót, í sívaxandi snertingu við það sem best er og heillavænlegast í fari þeirra menningarþjóða, sem vér eigum samskipti við.

En lítið stoðar að tala fagurlega um menningararf og háleitar hugsjónir, ef ekki er vel séð fyrir forsendum þess, að nokkur menning og nokkurt líf þrífist, en þær eru frelsi þjóðarinnar, heilbrigt stjórnarfar og góð lífsskilyrði í landinu. Þetta er grundvöllurinn undir fótum vorum, frumskilyrðin sem fullnægja verður. Frelsi höfum vér fengið og teljum það nú sjálfsagt eins og lífsloftið, sem vér öndum að oss. En þó kostaði það langa baráttu, sem sagan greinir frá, og nú og framvegis þarf að hafa fulla gát í þessu efni. Sjálfstæðisbarátta lítillar þjóðar er ævarandi, hefur verið sagt, og það er satt og oss Íslendingum er hollt að leggja það á minnið. Stjórnarfar vort, sem deilt er um frá degi til dags, er þó eigi að síður ávöxtur þeirrar þjóðfélagsskipunar sem vér viljum búa við eins og þær þjóðir allar, sem næstar oss eru og skyldastar að menningu og hugsunarhætti, hinar vestrænu lýðræðisþjóðir. Þetta þjóðskipulag heimilar hverjum manni að segja opinskátt skoðun sína um þjóðfélagsmál og berjast fyrir henni. Þessu fylgja deilur og átök, sem ekki eru alltaf geðfelld, en þetta er þó það fyrirkomulag, sem vér æskjum oss helst. En aldrei ætti það að gleymast, að frelsið til opinberra deilna um þjóðfélagsmál leggur miklar siðferðislegar skyldur á menn, því að það má ekki nota til mannskemmda og þaðan af síður til skaða fyrir þjóðarhag. Fyrir honum verða sérsjónarmið einstaklinga og flokka að víkja. Alþingi er kjarni stjórnarkerfis vors, og það á að vera oss metnaðarmál að standa vörð um virðingu þess. Alþingi er elsta og sögufrægasta stofnun þjóðfélags vors. Heiður þess er heiður þjóðarinnar, og frá því ásamt ríkisstjórninni hljótum vér að vænta forustu um úrlausn allra mikilvægra málefna. Aldrei mun skorta vandamál við að glíma, hvernig sem árar og hvernig sem markaðir gefast, hvað þá þegar sérstakir

örðugleikar steðja að eins og nú á síðustu tímum. Til Alþingis, sem þjóðin sjálf hefur kjörið, og þeirrar ríkisstjórnar, sem er í landinu á hverjum tíma, hlýtur þjóðin að líta sér til trausts og halds.

Vér höfum á síðustu áratugum lifað við góð lífskjör hér á landi og gerum það enn. Á því sviði hefur mikil saga gerst í minni þeirra sem enn eru ekki nema á miðjum aldri. Til þessa eru margar orsakir, sem flestar liggja í augum uppi, en augljóslega á dugur og menntun þjóðarinnar þar mikinn hlut að máli. Íslendingar hafa reynst þess megnugir að fylgjast með framvindunni, ná valdi á tækni tímann og hafa þann metnað að vilja búa við lífskjör, sem sambærileg séu við það besta með öðrum þjóðum. Til að ná þessu marki hefur þjóðin lagt á sig mikla vinnu, og það er sannfæring mín, að öll stjórnvöld, sem í landinu hafa verið, hverju nafni sem nefnast, hafi lagt sig af alhug fram um að greiða fyrir þessari þróun og efla hana. Markmið vor allra í þessum efnum er hið sama, þótt deilt sé um króka og keldur á leiðinni að markinu. Ég legg sérstaka áherslu á þetta og minni ekki hvað síst hina ungu gagnrýnu kynslóð á að vanmeta ekki það sem hér hefur áunnist, því að áður en varir verður það hún sem tekur við og ber ábyrgð á hvernig framhaldið verður. En nú, þegar harðnar í ári um sinn, eins og það hefur oft gert áður, hlýtur það að vera keppikefli vort umfram allt, að glata ekki því sem vér höfum fengið, heldur standa af oss erfiðleikana með útsjón og fyrirhyggju og nota hvern möguleika til að efla atvinnuvegi vora til lands og sjávar. Við þessu verður að snúast af djörfung, samhug og þjóðhollustu. Land vort er hart og misgjöfult, en þjóðin er dugmikil og vakandi og hendurnar vinnufúsar. Því ber að trúga og treysta, að sú verði gífta vor, að hér verði áframhaldandi þróun til velmegunar og velliðanar undir samhentri stjórn þeirra forustumanna, sem þjóðin hefur til þeirra verka kvatt. Ef þessu frumskilyrði tekst að fullnægja, þá á Ísland og sú íslenska menning, sem ég nefndi markmið vort að efla, bjarta framtíð fyrir höndum.

Þegar ég mæli þessi orð, veit ég þó vel, að margt er nú uggvænlegt í veröldinni, styrjaldir geisa og ókyrrð gerir víða vart við sig. Vér Íslendingar eigum eins og aðrir mikið undir því hver rás heimsviðburða verður. Þótt vér fáum litlu ráðið um slíkt, ber oss þó að horfa veðurglöggu augum til allra átta sjálfra vor vegna, og það má vera oss mikið gleðiefni, að sémilegt jafnvægi er nú í þeim heimshluta sem vér byggjum, og batnandi sambúð milli þeirra tveggja heimsvelda, sem ber við loft oss til beggja handa. Stefna vor hlýtur að vera sú að eiga gott og vinsamlegt samstarf við allar þjóðir. Undir því eigum vér mikið, en um menningarleg samskipti standa oss næst hinar norrænu þjóðir, sem oss eru skyldastar að uppruna, menningu og viðhorfum. Tengsl vor við þær mega ekki rofna, heldur ber að efla þau eftir mætti.

Orð mín hér verða ekki öllu fleiri. Ég tek við embætti forseta Íslands með auðmýkt og fullvitandi um þá ábyrgð, sem því fylgir, en um leið einráðinn í að standa við hana eftir því sem mér endist vit og auðna til. Ég vil, að því leyti sem í mínu valdi stendur, leggja mig fram um að láta gott af mér leiða í öllu því er varðar heill og hamingju þjóðarinnar í veraldlegum og andlegum efnum og bið guð að gefa mér styrk til þess. Ég vona og bið, að mér auðnist að eiga gott samstarf við stjórnvöld landsins og hafa lífrænt samband við þjóðina, sem mig hefur kjörið til þessa embættis. Hjá fólkinu í landinu mun hugur minn verða.